

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna samsettra flutninga.

1. gr.

Ákvæði ákvörðunar sameiginlegu nefndarinnar nr. 23/97 og 69/97 um breytingu á XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir:

Eftirfarandi undirliður bætist við í 11. lið:

1. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2255/96 frá 19. nóvember 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1107/70 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum, skipgengum vatnaleiðum.
2. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 543/97 frá 17. mars 1997 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1107/70 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum, skipgengum vatnaleiðum.

2. gr.

Reglugerð sem vísað er til í 1. tölul. 1. gr. er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 37, dags. 4. september 1997, bls. 38 - 39.

Reglugerð sem vísað er til í 2. tölul. 1. gr. er birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 5, dags. 5. febrúar 1998, bls. 173 - 174.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu nr. 33/1995, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 7. september 1998.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

14. september 1998

Nr. 549

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 381, 25. júní 1997.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 381, 25. júní 1997, um bann við tog- og dragnótaveiðum fyrir suðurströndinni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. september 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.